

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um fyr- 45*
 irhuguð störf Sveins búfræðings Sveinssonar sumarið 1878. 20. marz.
 — Samkvæmt tillögum herra amtmannsins í þóknanlegu brjefi 12. jan. þ. á. hefi jeg veitt það, að þjer, herra amtmaður, og amtsráðið í norður- og austurumdæminu, ráðið störfum Sveins Sveinssonar búfræðings þetta ár, og er sjer í lagi svo tilætlazt, að hann standi fyrir uppþurrkun á Staðarbyggðarmýrum, og að hann auk þess ferðist um í umdæminu til þess að láta mönnum í tje leiðbeiningu og tilsögn í jarðabótum og öðrum búnaðarverkum. Eptir samningi þeim, er gjörður hefir verið við Svein Sveinsson, bera honum þetta ár 800 króna laun og ókeypis fararbeini á ferðum hans í hjeraði og víður- væri ókeypis hjá þeim, er nota tilsögn hans; og ber amtmanni að greiða tjeð árslaun um árið 1878, annaðhvort með tje því, sem veitt er í 10. gr. C 5 í fjárlögunum, eða með því að láta þá, sem nota aðstoð hans, greiða eitthvert endurgjald fyrir það í amts- sjóð.

Jeg mun gjöra ráðstöfun til, að Sveinn Sveinsson, er nú sem stendur dvelur í Skotlandi, komi til Akureyrar með fyrstu ferð póstgufuskipsins Díönu í maímán þ. á.

— *Brjef landshöfðingja til landlæknis um heimildarlausu lyfjaverzl- 46*
 un. — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 10. janúar þ. á. ritað mjer á þessa leið: 26. marz.

«Hið konunglega heilbrigðisráð hefir sent hingað kæruskjal frá eiganda lyfjabúð- arinnar í Reykjavík, N. S. Krüger, ásamt ummælum Hjaltalíns landlæknis, út af því, að kaupmenn þar verzlí með lyfjavörur, og fer hann fram á, að lagt verði bann við því.

Út af þessu er fyrst að geta þess, að með því að tilsk. 4. desbr. 1672 gildir á Íslandi, sbr. enn fremur kanselíbrjef 16. septbr. 1797, virðist eigi þörf á nýju banni gegn heimildarlausri lyfjaverzlun, og þar næst skal vísað til þess, að samkvæmt instr. 25. febr. 1824 er landlækni lögð á herðar sú skylda, að líta eptir, að fyrirmælum þessum sje hlýtt; er því málið hjer með þjónustusamlega sent yður, herra landshöfðingi, til frekari þóknan- legrar ráðstafanar».

Um leið og yður er tjáð þetta, herra landlæknir, til þóknanlegrar leiðbein- ingar og birtingar fyrir Krüger lyfsala, vil jeg samkvæmt 18. gr. í landlæknis- instrúxi 25. febrúar 1824 hjer með þjónustusamlega biðja yður að hafa lögboðið eptirlit á, að enginn, er eigi hefir heimild til þess, reki nokkra verzlun með læknislyf og eitur- tegundir. Fáíð þjer, herra landlæknir, annaðhvort frá lyfsölunum eða á annan hátt vit- nesku um slíka heimildarlausu verzlun, verðið þjer samkvæmt nefndu instrúxi að snúa yður til hlutaðeigandi yfirvalds, og er það skylda þess að láta rannsaka málið, og reynist sökin sönn, þá að láta taka sekt þá, er við því liggur, og framkvæma hina lögákveðnu hegningu fyrir brotið.

Sömu leiðis vil jeg biðja yður um að brýna fyrir hjerads-læknunum að gæta sam- svarandi fyrirmæla í 17. gr. instrúxins fyrir hjerads-kírúga, dags. 25. febr. 1824.

— *Auglýsing landshöfðingja um þjónustufrímerki. — Hjer með auglýsist, 47*
 að upp frá þessu verða 5-aura þjónustufrímerki fánleg á öllum póststöðvum á landinu. 30. marz.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um 48*
 styrk til jarðabóta. — Að meðteknu þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, 30. marz.
 dags. 15. f. m., er yður hjer með þóknanlega tjáð það er nú skal greina, út af bönar- Hinn 27. apríl 1878.